

Miðvikudaginn 23. október 1957.

Nr. 47/1957. **Guðmundur Magnússon** (Páll S. Pálsson hrl.)  
 gegn  
**Vagni E. Jónssyni**  
 og gagnsök (Vagn Jónsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann  
 Snævarr.

Fjárnám samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885.

### Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1957. Krefst hann þess, að úrskurði fógeta verði hrundið og synjað verði um framkvæmd fjárnámsgerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1957, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu, að fjárnámið verði gert til tryggingar kr. 62.500.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 79.625.00 frá 1. ágúst 1956 til 10. janúar 1957, af kr. 75.000.00 frá þeim degi til 1. ágúst 1957 og af kr. 62.500.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Breyting sú, er gagnáfrýjandi gerir á kröfum sínum frá því, sem greinir í úrskurði fógeta, stafar af því, að aðaláfrýjandi greiddi gagnáfrýjanda hinn 2. ágúst þ. á. kr. 12.500.00 sem afborgun og kr. 5.250.00 sem vexti af skuld þeirri, er í málinu getur. Gagnáfrýjandi veitti greiðslum þessum viðtöku með fyrirvara.

Eins og lýst er í úrskurði fógeta, er ósannað, að aðaláfrýjandi hafi um það vitað fyrr en 6. september 1956, að hann átti að greiða gagnáfrýjanda afborgun þá og vexti af greindri skuld, sem féllu í gjalddaga 1. ágúst s. á. Á greiðslu þá, sem

aðaláfrýjandi sendi gagnáfrýjanda 10. september 1956, skorti kr. 4.625.00 til þess, að fullnægt væri ákvæðum skuldabréfsins, og sú fjárhæð var ekki greidd fyrr en 10. janúar 1957. Verður að telja, að vanskil þessi valdi því, að öll skuld aðaláfrýjanda sé í gjalddaga fallin. Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfur gagnáfrýjanda til greina.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.500.00.

#### Dómsorð:

Framkvæma skal fjárnámsgerð í fasteign þeirri, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, til tryggingar kr. 62.500.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 79.625.00 frá 1. ágúst 1956 til 10. janúar 1957, af kr. 75.000.00 frá þeim degi til 1. ágúst 1957 og af kr. 62.500.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Magnússon, greiði gagnáfrýjanda, Vagni E. Jónssyni, kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og kr. 2500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. febrúar 1957.

Gerðarbeiðandi, Vagn E. Jónsson hdl., hefur krafizt þess f. h. handhafa veðskuldabréfs, að fram fari fjárnám í húseigninni Vonarlandi við Sogaveg (Sogamýrarbletti VI), eign gerðarpóla, Guðmundar Magnússonar, sem þar á heima, til tryggingar skuld samkvæmt veðskuldabréfi, kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum og dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1956 til greiðsludags, auk kostnaðar við fjárnám og eftirfarandi uppboð. Hann hefur og krafizt þess, að gerðarpóla verði gert að greiða sér málflutningslaun vegna rekstrar máls þessa hér fyrir réttinum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar og krafizt málflutningslauna sér til handa.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 19. þ. m.

Fyrir liggur í máli þessu veðskuldabréf, útgefið til handhafa af gerðarpóla, Guðmundi Magnússyni, hinn 2. september 1954.

Bréf þetta er að upphæð kr. 100.000.00 og skuldin tryggð með 1. veðrétti í fasteigninni Vonarlandi við Sogaveg, sem sé íbúðarhús úr steini ásamt 2 steinsteyptum útihúsum svo og síðari endurbótum og viðaukum. Bréfið tiltekur, að skuldin skuli greiðast upp á næstu 8 árum eftir útgáfudag, 1. ágúst ár hvert, í fyrsta skipti hinn 1. ágúst 1955, og 7% ársvextir skuli greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Þá eru ákvæði um það í bréfinu, að sé ekki staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta á nákvæmlega réttum gjalddögum, sé skuldin öll fallin í gjalldaga fyrirvaralaust. Þegar svo sé komið, geti veðhafi látið taka hina veðsettu eign fjárnámi samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885 eða látið selja hana á uppboði án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Bréf þetta er undirritað í viðurvist tveggja vitundarvotta, og því er þinglýst hinn 25. nóvember 1954 án athugasemdar, annarrar en þeirrar, að brottflutningskvöð sé á bráðabirgðaíbúðarhúsi á lóðinni.

Á bréf þetta, sem lagt hefur verið fram í máli þessu sem rskj. 2, er áritun um 12.500.00 kr. afborgun hinn 20. ágúst 1955, svo og um greiðslur vaxta til 1. ágúst 1955, kr. 7000.00, og dráttarvaxta til 20. sama mán. og árs, kr. 50.00.

Gerðarbeiðandi ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. nóvember 1956. Hann skýrir svo frá, að hinn 1. ágúst 1956 hafi hann tilkynnt gerðarþola með venjulegu póstbréfi, að sér hafi verið falið að taka við afborgun og vöxtum af bréfi þessu, og hinn 20. sama mánaðar hafi tilkynning þessi verið ítrekuð og þá með ábyrgðarbréfi. Fyrst hinn 12. september hafi gerðarþoli greitt sér kr. 14.000.00 og sé það engan veginn nægileg upphæð, þar eð áfallnir vextir hafi numið kr. 6.125.00 pr. 1. ágúst 1956, og afborgun samkvæmt ákvæðum bréfsins kr. 12.500.00. Þannig hafi vantað kr. 4.625.00 upp á rétta upphæð. Vegna vangreiðslu þessarar og greiðsludráttar lítur gerðarbeiðandi svo á, að skuldabréfsupphæðin sé öll eindöguð samkvæmt hljóðan bréfsins og krefst fjárnáms fyrir eftirstöðvunum. Upprunaleg fjárnámskrafta hljóðaði um kr. 79.625.00 að höfuðstól til, en undir rekstri máls þessa greiddi gerðarþoli það, sem eftir stóð af afborgun þeirri, er fram átti að fara hinn 1. ágúst 1956. Þannig nema fjárnámskröfurnar nú kr. 75.000.00 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum frá 1. ágúst 1956 svo og fjárnáms- og uppboðskostnaði og málflutningslaunum.

Lagt hefur verið fram sem rskj. nr. 4 bréf gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 19. september 1956. Viðurkennir gerðarbeiðandi þar móttöku 14.000.00 kr. afborgunar, en tekur fram um leið, að ítrek-

uð sé áður munnlega gefin tilkynning á þá leið, að bréfið teljist allt í gjalddaga komið vegna vanskila. Sé krafizt fullrar greiðslu á eftirstöðvunum og við ofanefndri greiðslu tekið með svofelldum fyrirvara.

Enn ritar gerðarbeiðandi gerðarþola hinn 19. október 1956, sjá rskj. nr. 5. Þar er skorað á gerðarþola að greiða innan 15 daga skuld samkvæmt áminntu skuldabréfi, kr. 79.625.00, auk dráttarvaxta frá 1. ágúst 1956, enda sé bréfið allt í gjalddaga fallið sökum vanskila. Þetta bréf er birt gerðarþola sjálfum með stefnuvottum hinn 20. október 1956.

Ekki mun gerðarþoli hafa svarað ofangreindum bréfum að neinu.

Fjárnámsbeiðni barst fógeta hinn 30. nóvember 1956, og ritaði fógeti á hana, að fjárnámsgerðin yrði tekin fyrir á heimili gerðarþola hinn 18. desember 1956. Var beiðnin síðan birt gerðarþola af stefnuvottum hinn 14. sama mánaðar. Fjárnámsgerðin var tekin fyrir á ofangreindum tíma, að viðstöddum lögmanni gerðarþola.

Gerðarþoli kveðst fyrst hafa fengið að vita, að skuldabréfið var í höndum gerðarbeiðanda, er hann fékk í hendur bréfið á rskj. 3. Samkvæmt vottorði pósthofunnar hefur hann sótt bréfið hinn 6. september 1956, sjá rskj. nr. 8. Því er mótmælt, að gerðarþoli hafi fengið bréf það, er gerðarbeiðandi tjáir sig hafa skrifað honum hinn 1. ágúst 1956.

Að öðru leyti tekur gerðarþoli fram, að hann hafi starfað utanbæjar mestan hluta sumarsins 1956, mestmegnis í Borgarnesi. Hann kveðst hafa skroppið til Reykjavíkur og er hann hafi verið á leið til gerðarbeiðanda með greiðslur samkvæmt bréfinu, hafi hann mætt gerðarbeiðanda á götunni, og hafi hann tjáð sér, að hann mætti ekki taka við greiðslunni nema með leyfi eiganda skuldabréfsins, sem væri að hugsa um að krefjast greiðslu allrar upphæðarinnar. Þenna sama dag kveðst gerðarþoli hafa hringt til gerðarbeiðanda og beðið hann að upplýsa, hve miklu afborgun þessi næmi, en hann kveðst ekki hafa mátt vera að því að bíða eftir svari gerðarbeiðanda, með því að flugvél, sem hann ætlaði með til Patreksfjarðar, var í þann veginn að leggja af stað.

Nú kveðst gerðarþoli hafa sent gerðarbeiðanda kr. 14.000.00 í pósthávísun hinn 10. september 1956, sjá hér að framan og sbr. rskj. 10 í málinu, og tekur hann fram, að misminni sitt um upphæðirnar hafi valdið því, að ekki var meira greitt.

Er því nú fastlega haldið fram af hálfu gerðarþola, að hann hafi sýnt bæði vilja og getu til að standa í skilum með greiðslur þær, sem honum bar að inna af hendi. Bent er á það, að greiðsla sú,

sem átti að inna af hendi hinn 1. ágúst 1955, fór ekki fram fyrir en hinn 20. s. m., og var kvittað fyrir henni án fyrirvara. Ekki hafi heldur verið settur neinn fyrirvari um greiðsludrátt í bréfið á rskj. 3. Hann hafi, þegar sem hann fékk bréf gerðarbeiðanda, sbr. rskj. 3, sent gerðarbeiðanda áminntar 14.000.00 kr. Er á það bent, að í bréfum þeim, sem gerðarbeiðandi síðar sendi gerðarþola, hafi aldrei verið innt að því, að nefnd greiðsla hafi ekki verið nægilega mikil. Gerðarþoli kveðst fyrst hinn 10. janúar s.l. hafa séð skjöl málsins og sér til undrunar séð, að það var rætt um eftirstöðvar frá síðustu afborgun. Hann lét greiða gerðarbeiðanda þessar eftirstöðvar, kr. 4.625.00, í réttarhaldi í máli þessu þann dag, og kveðst að sjálfsögðu mundu hafa greitt þær strax og gerðarbeiðandi hefði minnt á það við sig.

Gerðarbeiðandi kveðst aldrei hafa neitað að taka við greiðslu afborgana og vaxta.

Gerðarþola bar sjálfum að vita um greiðsludag vaxta og afborgana í bréfi því, sem hann hafði undirritað. Hafi hann verið í vafa um greiðslustað eða greiðslu ekki vitjað til hans á réttum degi, var honum innan handar að deponera peningunum í banka.

Nú verður að telja ósannað gegn mótmælum gerðarþola, að honum hafi borizt bréf frá gerðarbeiðanda fyrir en í byrjun septembermánaðar. Ef nú væri við það miðað, að gerðarþoli væri vítalaus af að greiða ekki fyrir en hann gerði, sem sé fljótlega eftir að hann tók við bréfinu á rskj. 3, þá ber á það að líta, að greiðsla sú, sem hann sendi, var mikils til of lág, en að sjálfsögðu bar gerðarþola að vita, hversu mikið hann átti að greiða.

Að sönnu er ekki vikið sérstaklega að því í bréfunum á rskj. 4 og 5, að of lítið hafi verið greitt, en gerðarþoli hafði þó alla ástæðu til að huga vandlega að þessu atriði, þar eð honum var tvívegis boðuð eindögun allra skuldabréfseftirstöðvanna vegna „vanskila“, eins og segir í bréfunum.

Fjárnámsgerð þessi var tekin fyrir í fógetaréttinum hinn 18. desember 1956, og lét gerðarbeiðandi mæta við gerðina af sinni hálfu. Skjöl málsins voru að sjálfsögðu til staðar í réttinum, en í fjárnámsbeiðni, sem raunar var birt af stefnuvottum á heimili gerðarþola hinn 14. sama mánaðar, er sundurliðað, hve mikillí upphæð afborganir og vextir námu. Það er þó ekki fyrir en hinn 10. janúar s.l., að gerðarþoli lætur greiða gerðarbeiðanda upphæð þá, sem á vantaði.

Verður ekki komizt hjá að telja, að gerðarþoli hafi gerzt sekur um verulega greiðslutregðu, sem gerðarbeiðandi þurfi ekki að sætta sig við. Ber að fallast á, að eftirstöðvar skuldarinnar séu

f gjalddaga fallnar vegna vanefnda gerðarþola, og verður umbeðið fjárnám látið ná fram að ganga.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málflutningslaun.

**Því úrskurðast:**

Umbeðin fjárnámgerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málflutningslaun vegna fógetamáls þessa innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum .

Föstudaginn 25. október 1957.

Nr. 173/1955. **Lýsi & Mjöl h/f og Jón Gíslason**  
(Páll Ásgeir Tryggvason hdl.)

gegn

**Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjar-  
sjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**  
(Árni Stefánsson hdl.).

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómaramir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann  
Snævarr.**

Loforð stjórnar hlutafélags um sölu hlutabréfa dæmt ógilt.

**Dómur Hæstaréttar.**

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1955. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Fallast má á það með héraðsdómi, að ákvæði hlutafélagalaga nr. 77/1921 um sérstaka málshöfðunarfresti taki ekki til sakarefnis þess, sem hér á um að dæma. Verður áfrýj-